

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 355/1990. **Birgir Ásgeirsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Jóni Árna Guðmundssyni

(Sigurður Sigurjónsson hrl.).

Lausafjárkaup. Galli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. október 1990. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 558.250 krónur með 38,4% ársvöxtum frá 1. nóvember 1989 til stefnubirtingardags, en ársvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 364.000 krónur með vöxtum. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, flutti stefndi inn notaðar bifreiðar, sem orðið höfðu fyrir umferðaróhöppum, frá Þýskalandi um nokkurra ára skeið. Naut stefndi sérstaks afsláttar á flutningsgjöldum hjá H/f Eimskipafélagi Íslands, og flutti hann inn í eigin nafni bifreiðar bæði fyrir sig og aðra. Stefndi, sem er bílamálari að iðn og rekur réttinga- og sprautuverkstæði, annaðist oft viðgerðir á bifreiðum þessum. Áfrýjandi, sem er bifvélavirki, sá að mestu sjálfur um viðgerð á bifreið þeirri, sem mál þetta snýst um, og seldi hana síðan.

Telja verður ósannað, að stefndi hafi verið búinn að panta hina umdeildu bifreið og reikningar henni viðkomandi verið komnir til landsins, áður en áfrýjandi ákvað að kaupa bifreiðina, og liggur ekkert fyrir í málinu um eignaraðild stefnda að bifreiðinni. Er því fallist á það með héraðsdómara, að leggja beri til grundvallar, að stefndi hafi flutt inn bifreiðina fyrir áfrýjanda, en ekki komið fram sem seljandi. Þá er og ósannað, að stefndi hafi vítað um það á þeim

tíma, er hér skiptir máli, að bifreiðin var af árgerð 1983. Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en málskostnað, sem rétt þykir, að falli niður í héraði.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað, sem fellur niður í héraði.

Áfrýjandi, Birgir Ásgeirsson, greiði stefnda, Jóni Árna Guðmundssyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júlí 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. f. m., höfðaði Birgir Ásgeirsson, Lambhaga 24, Selfossi, gegn Jóni Árna Guðmundssyni, Spóarima 21, Selfossi, með stefnu, birtri 1. desember 1989.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 558.250 kr. ásamt 38,4% ársvöxtum frá 1/11 1989 til stefnubirtingardags, en ársvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 364.000 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum].

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu, og beri málskostnaðar-fjárhæðin dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ. Krefst stefndi þess, að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Til vara gerir stefndi þá kröfu, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en málskostnaður látinn niður falla.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur fyrir dómi stefnandi, stefndi, Kristján Jóhann Kristjánsson vélamaður, Skúli Björn Árnason fulltrúi, Friðgeir Jónsson bílasmiður og Eiríkur Hallgrímsson lögregluvarðstjóri.

Málavextir eru þeir að sögn stefnanda, að 5. maí 1989 var á bæjarþingi Reykjavíkur kveðinn upp dómur í málinu nr. 21418/1988: Ragnar Hallsson gegn Ragnari Guðmundssyni. Mál þetta var höfðað til heimtu skaðabóta, að fjárhæð 340.000 kr., vegna galla á bifreiðinni X-6278, er Ragnar Guðmundsson hafði selt Ragnari Hallssyni 13. janúar 1988. Hafði bifreiðin verið seld sem árgerð 1987, en reyndist vera árgerð 1983. Var kaupverð bifreiðarinnar 820.000 kr. Að mati dómkvadds matsmanns var raunvirði hennar á söludegi hins vegar aðeins 480.000 kr. Kröfufjárhæðin í máli þessu var því mismunurinn, 340.000 kr. Niðurstaða málsins var sú, að viðurkennd var skaðabótaábyrgð seljanda gagnvart kaupanda, og var seljandi því dæmdur til að greiða honum kröfufjárhæðina að fullu ásamt vöxtum og málskostnaði. Var málskostnaður dæmdur 124.000 kr.

Ofangreinda bifreið, sem er af gerðinni BMW 320 I, hafði Ragnar Guðmundsson keypt af Birgi Ásgeirssyni, stefnanda í máli þessu, 18. nóvember 1987, og var kaupverð 720.000 kr. Var bifreiðin seld sem árgerð 1987. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi keypt bifreiðina af Jóni Árna Guðmundssyni, sem hafi flutt hana til landsins í ágústmánuði 1987, þá skemmda eftir umferðaróhapp. Stefnandi hafi greitt að fullu kaupverð bifreiðarinnar ásamt innflutningsgjöldum og tolli, alls 313.580 kr. Stefnandi kveður stefnda hafa fullyrt, að bifreiðin væri árgerð 1987, og sé hún því þannig skráð á innflutningsskjöl og síðar á skráningarskrirteini. Eftir viðgerð, sem gerð var á bifreiðinni, hafi stefnandi selt hana fyrrgreindum Ragnari Guðmundssyni. Að gengnum dómi í bæjarþingi Reykjavíkur 5. maí 1989 greiddi stefnandi Ragnari Guðmundssyni þá fjárhæð, sem hann hafði greitt vegna fyrrgreinds bæjarþingsmáls, alls 558.350 kr. Er það sú fjárhæð, sem stefnandi krefur stefnda nú um, og styður kröfu sína þeim rökum, að stefnda beri sem kaupanda og innflytjanda bifreiðarinnar að bæta stefnanda allt það tjón, sem hlaust af þeim mistökum, að bifreiðin var ranglega sögð árgerð 1987, en ekki 1983.

Af hálfu stefnanda er til þess vísað, að stefndi hafi stundað um nokkurt skeið innflutning á notuðum, skemmdum bifreiðum, einkum frá Þýskalandi og Danmörku, og endurselt þær síðan hérlendis. Stefnandi heldur því fram, að í öllum tilvikum hafi stefndi komið fram sem kaupandi bifreiðanna gagnvart hinum erlendu seljendum. Stefnandi telur sig engin afskipti hafa haft af pöntun þeirrar bifreiðar, sem hér um ræðir, skoðun hennar á sölustað, innflutningi eða tollafgreiðslu. Áður en kaupin fóru fram, hafi stefndi sýnt stefnanda mynd af bifreiðinni, en á bakhlíð myndarinnar hafi verið áritun frá seljanda í Þýskalandi þess efnis, að bifreiðin væri framleidd árið 1986. Aðrar upplýsingar hafi ekki legið fyrir um bifreiðina, þegar kaupin fóru fram.

Stefnandi kveðst hafa gengið inn í kaup á umræddri bifreið, sem þegar hafi verið ákveðin af stefnda, og greitt kaupverð bifreiðarinnar ásamt þeim gjöldum, sem henni fylgdu, farmgjöld, tolla, söluskatt og tryggingar, alls 313.580 kr. Á reikningi seljanda í Þýskalandi sé stefndi skráður kaupandi bifreiðarinnar, og á farmskírteini og aðflutningsskýrslu sé hann skráður innflytjandi hennar.

Stefnandi kveðst hafa haft samband við stefnda, strax og grunur vaknaði um, að árgerð bifreiðarinnar væri ranglega skráð, og leitað eftir samkomulagi um skaðabætur, án árangurs.

Stefnandi reisir kröfur sínar í máli þessu á meginreglum skaðabótaréttar og lögum um lausafjárkaup nr. 39/1922. Hann telur sig hafa beðið tjón af viðskiptum við stefnda, vegna þess að söluhlut hafi skort þá kosti, sem um var samið í upphafi og stefnandi greiddi fyrir í góðri trú. Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi beri sem seljandi bifreiðarinnar fulla ábyrgð á þeim mistökum, sem urðu, þegar bifreiðin var skráð sem yngri árgerð en hún raunverulega var, og eigi því stefnandi heimtingu á, að stefndi bæti sér allan þann skaða, sem hann hefur orðið fyrir vegna viðskiptanna, 558.250 kr., sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922. Til vara krefst stefnandi afsláttar vegna fram komins galla, sbr. 1. mgr. 42. gr. sömu laga. Nemur fjárhæð afsláttar mismuninum á söluverði bifreiðarinnar, þegar stefnandi seldi hana Ragnari Guðmundssyni, og raunverulegu verðmæti hennar á þeim tíma skv. mati dómkvadds matsmanns í máli nr. 21418/1988 í bæjarþingi Reykjavíkur að viðbættum málskostnaði í því máli.

Kröfu sína um vexti reisir stefnandi á II. og III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. og lög nr. 67/1989.

III.

Sýknukröfu sína reisir stefndi aðallega á því, að hann hafi hvorki verið seljandi bifreiðarinnar né umboðsmaður seljanda, heldur hafi stefnandi sjálfur keypt hana af þýsku bílasöluinni Bernd Witt. Stefndi kveðst sjálfur hafa stundað innflutning á notuðum bifreiðum um nokkurt skeið, einkum frá Þýskalandi og Danmörku. Hafi þau viðskipti að jafnaði farið þannig fram, að hann hafi fengið sendar myndir og upplýsingar um bifreiðarnar frá seljendum erlendis og gert kaupin án frekari skoðunar. Stefndi kveðst hafa fengið afslátt af flutningsgjöldum hjá Eimskipafélagi Íslands hf. við innflutning bifreiðanna. Stefndi kveðst einnig hafa flutt inn bifreiðar fyrir aðra en sjálfan sig á afsláttarkjörum Eimskipafélags Íslands án þess að hafa haft önnur afskipti af þeim viðskiptum. Þá bifreið, sem hér um ræðir, kveðst stefndi í upphafi hafa hugleitt að flytja inn fyrir mág sinn, Kristján Kristjánsson, en hann hafi síðar fallið frá kaupunum. Hafi stefndi þá boðið

stefnanda að kaupa bifreiðina og sýnt honum mynd af bifreiðinni, sem áður er getið. Aðrar upplýsingar segir stefndi sig ekki hafa haft um bifreiðina. Stefndi segir, að sín afskipti af umræddum kaupum hafi verið þau ein að hafa boðið stefnanda að flytja bifreiðina inn á sínu nafni með þeim afsláttarkjörum, er hann naut hjá Eimskipafélagi Íslands. Telur stefndi, að nafn sitt á reikningi frá Bernd Witt stafi eingöngu af því, að bifreiðin var flutt inn á sínu nafni.

Stefndi mótmælir þeirri fullyrðingu stefnanda, að stefnandi hafi engan þátt átt í innflutningi og afgreiðslu bifreiðarinnar, og kveður hið rétta vera, að stefnandi sjálfur hafi algerlega séð um allar greiðslur varðandi hana og einnig annast skrásetningu hennar. Stefndi hafi greitt kaupverð bifreiðarinnar beint og milliliðalaust til Bernd Witt í gegnum Landsbanka Íslands 1. september 1987. Þar hafi stefndi hvergi komið nærri og ekki þegið neinar greiðslur né þóknun frá aðilum, hvorki hinum þýska seljanda né stefnanda. Stefndi hefur lagt fram umsókn um skráningu ökutækis, dagsetta 1. september 1987, þar sem stefnandi er skráður eigandi umræddrar bifreiðar.

Stefndi heldur því fram, að hann hafi ekkert frekar en stefnandi vitað um raunverulega árgerð bifreiðarinnar og að ljóst sé, að upplýsingar aftan á fyrrgreindri ljósmynd séu ekki ritaðar af sér. Stefndi telur ekki í ljós leitt, á hvaða forsendu bifreiðin var skráð árgerð 1987 í bifreiðaskrá, en stefnandi sjálfur hafi verið viðstaddur, þá er skráning fór fram, og hafi þá verið kunnugt um upplýsingarnar aftan á ljósmyndinni. Stefndi telur stefnanda mátt hafa verið ljóst, að hann tók sjálfur áhættu með kaupunum, og jafnframt, að stefndi vissi eigi meira um bifreiðina en hann sjálfur. Stefndi hafi hvorki hvatt stefnanda né latt til kaupanna, og hann hafi eigi séð bifreiðina né valið hana sérstaklega, heldur aðeins bent stefnanda á bifreiðina með sýningu umræddrar ljósmyndar.

Stefndi hefur lagt fram í málinu bréf frá skattstjóra Suðurlands-umdæmis, þar sem farið er fram á skýringu á því, að stefndi flutti inn fleiri bifreiðar til landsins árið 1988 en hann telur sig kaupa samkvæmt skattframtali sama árs. Svar stefnanda hefur einnig verið lagt fram, en þar segir, að stefndi hafi flutt inn níu bifreiðar á árinu 1988, sem farið hafi beint á nöfn annarra aðila, m. a. er þar talin bifreiðin BMW 320 I, sem sögð er hafa farið beint til stefnanda.

Enn fremur hefur stefndi lagt fram yfirlýsingar sex aðila, þar sem þeir staðfesta að hafa flutt inn bifreiðar á nafni stefnda til þess að nýta afslátt, sem stefndi fékk af flutningsgjöldum hjá Eimskipafélagi Íslands hf. Stefndi heldur því fram, að eins hafi verið ástatt í máli því, sem hér er til meðferðar, þ. e., að stefndi hafi verið að gera stefnanda þann greiða að útvega honum hagkvæmari flutning á bifreið, sem stefnandi ákvað sjálfur að kaupa.

Af gögnum málsins verður ráðið, að stefnandi hafi keypt bifreið þá, sem í málinu greinir, í septembermánuði árið 1987. Óumdeilt er, að hann hafi þá, af ástæðum, sem raktar hafa verið hér að framan, skort kosti, sem ætla má, að áskildir hafi verið, þá er kaup gerðust. Ágreiningsefni er hins vegar, hver eigi að bera bótaábyrgð á umræddum galla gagnvart stefnanda.

Að mati dómsins brestur stefnanda sönnun fyrir því, að samningur hafi tekist með málsaðilum um kaup á umræddri bifreið. Verður þannig að leggja til grundvallar við úrlausn málsins, að stefndi hafi annast innflutning á bifreiðinni fyrir stefnanda, en ekki komið fram sem seljandi eða verið í annarri þeirri aðstöðu, sem bakað geti honum bótaábyrgð skv. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922. Rétti til afsláttar samkvæmt 1. mgr. þess laga-ákvæðis er af sömu ástæðum ekki til að dreifa. Þá verður ekki lögð bótaábyrgð á stefnda vegna hugsanlegrar milligöngu hans um kaupin þegar af þeirri ástæðu, að telja verður, að hann hafi verið grandlaus um gallann á þeim tíma, sem hér skiptir máli.

Með því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda í máli þessu.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 90.000 krónur. Að kröfu stefnda og með vísan til 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988, skal málskostnaðarfjárhæðin bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan. Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Árni Guðmundsson, á að vera sýkn af dómkröfum stefnanda, Birgis Ásgeirssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 90.000 krónur í málskostnað, og skal málskostnaðarfjárhæðin bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.